

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum
Starfsleyfisskilyrði fyrir íþróttamannvirki og líkamsræktarstöðvar

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Íþróttamannvirki eru íþróttahús, íþróttavellir og líkamsræktarstöðvar.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins fyrir húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Íþróttamannvirkjum og húsnæði þeim tengdum, skal vera vel viðhaldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.
- 2.3 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.4 Á íþróttavöllum skal vera góð lýsing.
- 2.5 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.
- 2.6 Greiður aðgangur skal vera að búnings- og baðaðstöðu.
- 2.7 Gestir skulu hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Gólfflötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og 3,3 m² fyrir fatlaða og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu. Taka skal mið af umfangi starfsemi um fjölda snyrtinga.

3. Hreinlæti

- 3.1 Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Húsnæði og öll aðstaða skal þrifið daglega, eftir því sem við á, eða oftár eftir þörfum. Allsherjarhreingerningu skal gera a.m.k. árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Þrif skulu vera fullnægjandi, leitast skal við að nota umhverfisvæn efni þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 3.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.4 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnæðið.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar í íþróttamannvirkjum og annarstaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.

4. Öryggi og slysavarnir

- 4.1 Blöndunartæki á böðum og handlaugum skulu vera hitastýrð og vatnshiti ekki fara yfir 43°C. Þar sem börn stunda íþróttir skal hitastig ekki fara yfir 38°C. Fyrirtæki sem voru með gilt starfsleyfi 10. janúar 2003 hafa frest til 1. janúar 2006 til úrbóta.

- 4.2 Gólfefni í steypiböðum má ekki vera hált og það skal vera gott að þrifa.
- 4.3 Lausan búnað s.s mörk, körfubolta grindur og ýmis fimleikatæki er óheimilt að nota án viðurkennds festibúnaðar. Auglýsingaskilti skulu vera stöðug og ekki valda slyshættu.
- 4.4 Um tæki og búnað gilda íslenskir staðlar þar sem við á. Fara skal að leiðbeiningum framleiðenda varðandi uppsetningu og viðhald tækja eftir því sem við á.
- 4.5 Geymslur skulu vera fyrir færanleg tæki og búnað og þannig frá gengið að ekki stafi hættu af.
- 4.6 Starsreglur, innréttingar og búnað skal miða við að auka öryggi og koma í veg fyrir slys.
- 4.7 Í hverju íþróttamannvirki skal vera til neyðaráætlun ef slys ber að höndum og viðeigandi búnaður til skyndihjálpar. Sjá nánar í „Reglur um öryggi í íþróttahúsum” gefnum út af menntamálaráðuneytinu.
- 4.8 Skrá skal óhöpp og slys á þar til gerð eyðublöð (sjá www.ust.is). Skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðiseftirliti.

5. Matvæli.

- 5.1 Fara skal að ákvæðum matvælaeðlisreglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

6. Umhverfismál

- 6.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 6.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 6.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstum hirslum. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt
- 6.4 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrganga, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 441/1998, Reglur um öryggi í íþróttahúsum.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 92.61 Rekstur íþróttamannvirkja og
92.62 Íþróttafélög; önnur íþróttastarfsemi